



Minnisblað

Dags.: 10.2.2023

Frá: Steinari Sigurjónssyni, umsjónarmanni umhverfismála

Dreifing: Sveitarstjórn

Efni: Sorpmál 2022

Sorpmálin voru nokkuð fyrirferðarmikil á árinu hjá okkur, sem og hjá flestum sveitarfélögum landsins. Stafar það fyrst og fremst af lagasetningu sem tók gildi 1. janúar s.l. um innleiðingu hringrásarhagkerfis. Sveitarfélagið stóð nokkuð vel að vígi fyrir lagasetninguna þökk sé markvissri vinnu undanfarinna ára við að koma sorpmálunum í betri farveg.

Samband íslenskra sveitarfélaga (hér eftir „Sambandið“) leiddi vinnu við að hjálpa sveitarfélögum að innleiða lög in með áttakinu „Samtaka um hringrásarhagkerfi“, en sú vinna fór af stað í mars 2022. Vinnan fór heldur hægt af stað, en tók síðan við sér eftir sumarið og voru nokkuð tíðir fundir á vegum Sambandsins eftir að það fór að hausta og fram á veturinn. Innan sveitarfélagsins var einnig stofnaður starfshópur um innleiðingu hringrásarhagkerfis sem kom með tillögur að útfærslum á gjaldtöku.

Í lok október var sveitarfélaginu boðið að taka þátt í „pilot-verkefni“ á vegum Sambandsins og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) ásamt Ísafjarðarbæ, en verkefnið snerist um að innleiða Borgað þegar hent er (BPHE) kerfi á 12 vikum í svokölluðum BPHE hraðli. Hraðallinn tók eingöngu til heimila í sveitarfélaginu, en ekki til grenndarstöðvanna. Hraðallinn byggði á greiningu sem Efla vann fyrir sambandið sem sýndi að rúmmálsleið, þ.e. að innheimta eftir stærð og fjölda íláta, væri einfaldasta leiðin til að innleiða BPHE kerfi við innheimtu. Ásamt því að búa til nýja gjaldskrá var samþykkt um meðhöndlun úrgangs uppfærð í takt við breytingar á lögum og nýja gjaldskrá. Álögð gjöld árið 2023 verða í samræmi við niðurstöðu hraðalsins og hafa verið færð inn í álagningakerfið í samstarfi við HMS og Advania sem einnig komu að verkefninu. Verkefnið tókst vel og skapaði dýrmæta reynslu fyrir þá aðila sem vinna að þessum málum, en í kjölfar hraðalsins hefur fleiri sveitarfélögum verið boðið að taka þátt og eru þessa stundina 14 sveitarfélög að fara í gegnum þetta ferli.

Að vera boðin þátttaka í hraðlinum var ágætis viðurkenning á störfum sveitarfélagsins á þessu sviði, þar sem það var skýrt tekið fram að boðið kæmi til vegna greinilegs áhuga okkar og eljusemi þegar kemur að úrgagnsstjórnun.

Framtakssemi okkar í úrgangsmálum er þannig að vekja verðskuldaða athygli á landsvísu, en undirritaður hefur á árinu meðal annars;

-tekið þátt í pallborðsumræðum á ráðstefnu um hringrásarhagkerfið á vegum Umhverfisstofnunar og Sambandsins,

-flutt erindi um fyrirkomulag sorphirðu í sveitarfélaginu á ráðstefnu um úrgangsmál á vegum Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi og Sorpurðunar Vesturlands,

-flutt erindi um fyrirkomulag grenndar- og söfnunarstöðva í sveitarfélaginu á aðventufundi um hringrásarhagkerfið á vegum Sambandsins,

ásamt því að svara talsverðum fjölda fyrirspurna um sorpmál sveitarfélagsins frá áhugasömum aðilum.



Sorpmál í tölum

Reksturs málaflokksins á liðnu ári kom mun betur út en áætlun gerði ráð fyrir, en það má sennilega helst rekja til þess að samningur sveitarfélagsins við þjónustuaðila er hagstæðari heldur en fyrri samningur. Samningurinn tók gildi í október 2021, svo að 2022 var fyrsta heila rekstrarárið með nýjum samningi. Langstærstur hluti málaflokksins er kostnaður við sorphirðu og ráðstöfun úrgangs, sem samningurinn við þjónustuaðila tekur til, en aðrir einstakir liðir málaflokksins eru m.a. kostnaður við heilbrigðiseftirlit, hlutdeild sveitarfélagsins í Sorpstöð Suðurlands og rekstur gámasstöðvarinnar Seyðishólum (laun og aðkeypt vinna).


Staðan í lok árs var þannig að tekjur voru nokkurnvegin á pari við áætlun, en gjöld umtalsvert lægri en áætlun gerði ráð fyrir. Áætlun gerði ráð fyrir tapi upp á 4.263.458 kr. en staða í lok árs var hagnaður upp á 14.950.270 kr., sem gerir mismun upp á 19.213.728 kr. miðað við áætlun.¹

	Gjöld	Tekjur	Staða	Áætlun	Mismunur
08 Hreinlætismál	75.001.238	89.951.508	-14.950.270	4.263.458	-19.213.728

Heildarsorpmagn dróst saman um tæplega 5% frá fyrra ári og fór úr 1.247.274 kg í 1.189.061 kg. Það er ekki hægt að fullyrða um ástæður samdráttarins, en líkleg ástæða gæti verið minni notkun á sumarbústöðum og framkvæmda í kringum þá í kjölfar þess að takmörkunum vegna Covid-19 var aflétt og utanlandsferðir urðu tíðari aftur. Samdrátturinn er annars það smávægilegur að ekki borgar sig að lesa of mikið í hann.

Sorpmagn skiptist þannig að rúmlega helmingur kom frá Gámasvæði, tæplega 40% frá grenndarstöðvum og rest frá heimilum og býlum.


Sorphirða í GOGG eftir staðsetningu (kg)



¹ Að því gefnu að áætlun um innri húsaleigu og vinnu verkamanna vegna Gámasstöðvarinnar Seyðishólum standist, en hana á eftir að bókfæra.




Skipting milli sorpflokka var þannig að almennt heimilissorp var stærstur hluti (33,4%), þar á eftir kom grófur úrgangur (25,3%) og svo litað timbur.



Skipting heimilissorps var fín frá heimilum og ásættanleg frá grenndarstöðvum. Þar verður að hafa í huga að:


- Lög um samræmda flokkun höfðu ekki tekið gildi á tímabilinu, þannig að mikill meirihluti frístundahúsaeigenda er ekki vanur því að flokka jafn ítarlega og grenndarstöðvarnar bjóða upp á
- Rannsóknir sýna að flokkun „við húsvegg“ skilar alltaf betri árangri en á grenndarstöðvum.

Heimili





Grenndarstöðvar



(ath. að tölfræði um lífrænan úrgang frá grenndarstöðvum er ábatavant og því ekki með á grafinu)

Ásamt því að auka flokkunarhlutfall á grenndarstöðvunum er brýnasta málið sennilega að ná hreinni endurvinnslustraumum. Á meðan endurvinnslustraumar frá heimilum eru nánast undantekningarlaust mjög góðir, þá hefur borið töluvert á því að efnið sem er að fara í gámana á grenndarstöðvunum sé ekki nægilega hreint/vel flokkað. Þar má helst nefna gler og lífrænan úrgang. Sett voru upp skilti á öll gerðin fyrir lífrænu tunnurnar sem skila vonandi einhverjum árangri, en ennþá er of mikið af plasti og málmum að fara í glergámana. Verið er að skoða í sameiningu með ÍGF hvort að hægt sé að breyta merkingum eða auka upplýsingar á þeim gámum til þess að lágmarka óæskilega aðskotahluti.

Þá þarf einnig að útfæra söfnun á textíl, en sérsöfnun á textíl er orðin að skyldu samkvæmt nýju lögnum. Sambandið, Umhverfisstofnun og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið eru þessa dagana að skoða mögulegar útfærslur á slíkri söfnun á landsbyggðinni, en eins og staðan er núna eru sjálfboðaliðasamtökin Rauði krossinn þeir einu sem bjóða upp á endurvinnslufarveg fyrir þann úrgangsstraum. Eins og gefur að skilja er ekki æskilegt að allt landið reiði sig á sjálfboðaliðasamtök þegar kemur að úrvinnslu úrgangs, auk þess sem samtökin hafa ekki mannafla til þess að safna textíl allsstaðar á landinu. Það er því mikilvægt að niðurstaða fái stíð í það sem fyrst til þess að hægt sé að uppfylla það skilyrði laganna.

Fylgiskjal A: Skipting úrgangs milli úrgangsflokka og eftir staðsetningu

Fylgiskjal B: Skipting úrgangs milli úrgangsflokka á grenndarstöðvum